

Frjálsar æfingar samþykktar af faghópi

Vægi æfinganna gildir keppnisárið 2026 og er endurskoðað árlega.

Ekki þarf að sækja sérstaklega um samþykktar æfingar.

Æfing 1

Lokaður á $\frac{1}{2}$ baug eða hring, hraðabreyting á skálínu, lokaður á $\frac{1}{2}$ baug eða hring, hraðabreyting á skálínu með greinilegri upphröðun og niðurbægingu (sbr. hraðabreytingar í T1), lokaður $\frac{1}{4}$ baugur eða hringur. Stærð baugs er ca. 10-12 metrar en hringsins 20-30 metrar og lengd hraðabreytingar ca. 40-60 metrar, eftir stærð vallarins. Baugarnir eða hringirnir eru vel fyrir innan skammhlið svo ekki sé um stuðning að ræða.

Vægi æfingar:

- a) *Baugar 10-12m: Vægi æfingar er 1,20*
hesturinn er beinn eina hestlengd fyrir hraðabreytingu á hægu tölti og einnig beinn eftir niðurbægingu á hægu tölti áður en hann fer á sveigt spor.
- b) *Baugar 10-12m: Vægi æfingar er 1,15*
hesturinn eykur hraðann út úr lokuðum sniðgangi og hægir með hjálp lokaðs sniðgangs.
- c) *Hringir 20-30m: Vægi æfingar er 1,15*
hesturinn er beinn eina hestlengd fyrir hraðabreytingu á hægu tölti og einnig beinn eftir niðurbægingu á hægu tölti.
- d) *Hringir 20-30m: Vægi æfingar er 1,10*
hesturinn eykur hraðann út úr lokuðum sniðgangi og hægir með hjálp lokaðs sniðgangs.

Knapi tilgreinir hvaða útfærslu notast sé við.

Rök/gildi æfingarinnar:

Lokaður á baug er safnandi, sýnir stjórn á hliðum og burð og undirbýr hraðaaukningu.

Hraðaaukningin er sönnun þess að hesturinn hugsar fram og að æfingin hefur góð áhrif. Lokaður á hina höndina hjálpar hestinum að safna sér og halda hvelfingu, sýnir hliðarstjórn, þjálni og burð.



Æfing 2

Skeið með aðra höndina á taum á báðar hendur

Lýsing

Öll æfingin er riðin með aðra hönd á taum, endurtekið á báðar hendur. Komið á stökki frá miðri skammhlið, lagt á skeið þegar hesturinn er orðinn beinn (eins og venjulega), hægt á tölt eða fet í lok langhliðar og inn á skammhlið.

Innri hönd skal vera laus hönd, þ.e. aðeins ytri hönd á taumi.

Æfingin er öll útfærsla skeiðs, frá því að sett er á stökk, niðurtaka, niðurbætur.

Ef knapi er þegar á stökki í aðdraganda æfingar (stökk á hringnum fyrir skeiðsýningu sem dæmi, er æfingin frá miðju skammhliðar að miðri skammhlið).

Vægi æfingar er 1,15.

Rök/gildi æfingarinnar:

Að ríða með aðra hönd á taum sýnir öryggi, þjálfni og leikni, að hesturinn er auðveldur og sjálfberandi og fús til að gera verkefnið.

Að ríða æfinguna á báðar hendur sýnir enn frekar gæði hestsins og þjálfun hans, að hliðarstjórnun er til staðar á báðar hendur. Að hesturinn geti skeiðað frá stökki upp á báðar hendur sannar að hann er jafn á hliðar og samspora.

Æfing 3

Slöngulínur í lokuðum sniðgang.

Lýsing

Fjórir til sex 3/4 15m hringir án beinna kafla, riðið í lokuðum sniðgang á vinnuhraða. (Lýsing á slöngulínunum sótt úr skilgreiningum Gæðingafimi LH).

Vægi æfingar er 1,15

Rök/gildi æfingarinnar:

Æfingin sýnir sveigjanleika, hliðarstjórnun, burð og þjálfni hestsins.

Teikning til útskýringar.

Æfing 4

Halfpassflétta á tölti 2x2 milli fjórðungslínu og miðlínu

Vægi: 1,15

Möguleiki á hækkun á flæði ef vel gengur.

Lýsing:

Lokaður sniðgangur á skálínu (halfpass) til hægri og vinstri sitt á hvað á milli fjórðungslínu og miðlínu vallar, tvisvar til hægri og tvisvar til vinstri.

Rök:

Samanlögð vegalengd í lokuðum sniðgangi á skálínu (halfpass) er sú sama og farið er fram á í hefðbundinni útfærslu æfingarinnar.

Miðað er við að vægi sé ekki hærra en gildismesta æfingin sem frjálsa æfingin inniheldur. Þó gæti komið til undantekninga liggi fyrir afgerandi rökstuðningur þess efnis.

Æfing 5

Halfpass/passage flétta 2x2 á milli fjórðungslínu og miðlínu

Vægi: 1,25

Möguleiki á hækkun á flæði ef vel gengur.

Útfærsla:

Æfingin riðin í passage allan tímann. Lokaður sniðgangur á skálínu (passage) til hægri og vinstri sitt á hvað á milli fjórðungslínu og miðlínu vallar, tvisvar til hægri og tvisvar til vinstri.

Rök:

Passage er þegar með hæsta vægi æfinga í Gæðingalist. Til hækkunar kemur fléttan til hægri og vinstri.

Miðað er við að vægi sé ekki hærra en gildismesta æfingin sem frjálsa æfingin inniheldur. Þó gæti komið til undantekninga liggi fyrir afgerandi rökstuðningur þess efnis.

Æfing 6

Halfpass passage

Lýsing:

Lokaður sniðgangur á skálínu (passage) til hægri og vinstri frá innri sporaslóð vallarins, inn að miðlínu og frá miðlínu að innri sporaslóð. Æfing riðin í passage.

Vægi: 1,25

Möguleiki á hækkun á flæði ef vel gengur.

Rök:

Miðað er við að vægi sé ekki hærra en gildismesta æfingin sem frjálsa æfingin inniheldur. Þó gæti komið til undantekninga liggi fyrir afgerandi rökstuðningur þess efnis.

Æfing 7

Hraðabreytingar á brokki upp við vegg upp á báðar hendur.

Vægi 1,05

Möguleiki á hækkun á flæði ef vel gengur.

Rök:

Hraðabreytingar á brokki eða stökki sýndar á báðar hendur við vegg fá vægi 1,05. Hraðabreytingar á tölti á báðar hendur með hærra vægi (1,1) voru settar inn til þess að hvetja til fjölbreyttari og meiri töltsýninga í Gæðingalist.

Æfing 8

Lokaður sniðgangur á tölti í áttu. Skipt um átt þegar skipt er á hringjum. Lokaður sniðgangur hefst þegar riðið er inn á bauginn og báðum baugum er lokað alveg í lokuðum sniðgangi.

Vægi: 1,15

Möguleiki á hækkun á flæði ef vel gengur.

Rök:

Æfingin er lokaður sniðgangur á baug (vægi 1,15) + áttu.

Æfing 9

Skeið sýnt á skálínu

Lýsing:

Skeið á skálínu sýnt einu sinni. Æfingin hefst á miðri skammhlið, riðið upp í stökk.

Knapi ríður út úr beygju og inn á skálínu, leggur á skeið, niðurhæging eftir skálínu. Æfingu lýkur á miðri skammhlið.

Vægi: 1,1

Möguleiki á hækkun á flæði ef vel gengur.

Rök:

Skeið sem æfing einungis upp á aðra höndina (vægi 1,05) Reiðleið og útfærsla skv. Lýsingu gildir til hækkunar vægis upp í 1,1.

Æfing 10

Átta í lokuðum sniðgang á stökki með einfaldar stökkskiptingar.

Riðið á áttu skilgreining:

Riðnir eru 6 -12 m baugar af jafnri stærð í lokuðum sniðgangi á stökki.

Skiptinguna skal sýna til beggja handa, þ.e. þegar átta er riðin er nauðsynlegt að sýna skiptinguna bæði frá vinstri til hægri og frá hægri til vinstri.

Hesturinn fer inn í æfinguna á vinstra stökki, fer inn á baug (6-12) m til vinstri í lokuðum sniðgang með vinstri sveigju. Áður en skipt er á baugum (í miðju áttunnar) er skipt um stökk í gegnum einfalda stökkskiptingu (fet, hámark eina hestlengd samkvæmt skilgreiningu í reglum um Gæðingalist LH), baugur og sniðgangur endurtekin til hægri á hægri stökki. Áður en er riðið út úr æfingunni er aftur skipt um stökk og áttunni lokið.

Lokaður sniðgangur hefst þegar riðið er inn á bauginn og báðum baugum er lokað alveg í lokuðum sniðgangi.

Lokaður sniðgangur er safnandi æfing þar sem hesturinn stígur lengra inn undir þyngdarpunkt með ytri afturfót, sem er líka sá fótur sem byrjar stökkið. Lokaður sniðgangur á stökki á baug krefst miklar jafnvægis og sýnir mikla stjórn á hliðum, stefnu og burð. Stökkskipting í miðju áttunnar sýnir góða stjórn og að hesturinn er jafnvígur til beggja handa.

Æfinguna má hefja til hvorrar handar sem er.

Lokaður á baug 1,15

Einföld stökkskipting 1,0

Vægi 1,20

Rök: Miðað er við að vægi sé ekki hærra en gildismesta æfingin sem frjálsa æfingin inniheldur. Þó gæti komið til undantekninga liggi fyrir afgerandi rökstuðningur þess efnis.

Æfing 11

Hraðabreyting á töltili með aðra hönd á taum upp á báðar hendur.

Hraðabreyting á töltili skal framkvæmd frá miðri skammhlið í miðja skammhlið. Æfingin er leyfð upp við vegg.

Hestur gengur á hægu töltili, þegar hestur er orðinn beinn út úr beygju skal hann í það minnsta vera það sem nemur tveimur hestlengdum áfram á hægu töltili en þá er hraðinn greinilega aukinn. Í niðurbægingu skal hestur vera beinn í það minnsta tvær hestlengdir áður en hann kemur í beygjuna á sama hæga töltili og í byrjun æfingar.

Öll æfingin er riðin með aðra hönd á taum, endurtekið upp á báðar hendur. Innri hönd skal vera laus hönd, þ.e. aðeins ytri hönd á taum.

Æfingin er dæmd eftir leiðara um hraðabreytingar.

Vægi æfingarinnar: 1,15

Rök: Miðað er við að vægi sé ekki hærra en gildismesta æfingin sem frjálsa æfingin inniheldur. Þó gæti komið til undantekninga liggi fyrir afgerandi rökstuðningur þess efnis.

Æfing 12

Lokaður sniðgangur á hálfhring og halfpass til beggja handa.

Lokaður sniðgangur á 1/2hring (hægri) , halfpass (lokaður sniðgangur á skálínu hægri), lokaður sniðgangur 1/2hring (vinstri), half pass (lokaður sniðgangur á skálínu vinstri).

Ríða þarf amk 10 m í halfpass.



Vægi 1,15


Rök: Miðað er við að vægi sé ekki hærra en gildismesta æfingin sem frjálsa æfingin inniheldur. Þó gæti komið til undantekninga liggi fyrir afgerandi rökstuðningur þess efnis.

Æfing 13

Lokaður sniðgangur á baugum (6-12m) slöngulína á vinnuhraða.

Hesturinn fer í lokaðan sniðgang eftir ferli baugins, réttir sig upp á milli og skiptir. T.d. byrja til hægri eftir ferli baugsins (baugur er 6-12m), hesturinn réttur upp og skipt yfir í lokaðan sniðgang til vinstri, hesturinn aftur réttur upp og inn í lokaðan sniðgang til hægri, réttur upp og endað til vinstri.

Athugasemd: Æfingin er sýnd á tölti.



Vægi æfingar: 1,15

Rök: Faghópur um gæðingalist hefur fjallað um umsóknina og metið æfinguna. Möguleiki á hækkun á flæði ef vel gengur.